


## Nýsköpunarsjóður Hvalfjarðarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki til nýsköpunarverkefna í Hvalfjarðarsveit.

Umsóknarfrestur er til 30.12. 2015.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er að ýta undur nýsköpunarstarfsemi í Hvalfjarðarsveit til þess að aukna fjölbreytni í atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Nýsköpunarsjóðurinn hefur samið við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um að veita umsækjendum um styrki aðstoð við þróun verkefna og gerð umsókna, auk þess sem NMÍ veitir sjóðnum ráðgjöf við mat umsókna.

Nýsköpunarsjóður auglýsir eftir umsóknum einu sinni á ári. Umsækjendum býðst þá aðstoð við að vinna og þróa hugmynd sína og með aðstoð Nýsköpunarmiðstöðvar

### Umsóknarferlið



#### Umsókn

Umsóknarferlinu er þannig að nýsköpunarsjóður auglýsir eftir umsóknum. Umsækjendur fylla út einfalt umsóknareyðublað og senda inn. Frestur er 4 vikur.

#### Hvað gerist svo?

Haft er samband við umsækjanda og honum boðin aðstoð, honum að kostnaðarlausu við að þróa hugmyndina eftir þörfum. Þá hafa umsækjendur að minnsta kosti 8 vikur (eftir því hversu snemma umsókn berst) til þess að þróa hugmynd sína áfram með leiðsögn frá NMÍ. Að því loknu gefur stjórn Nýsköpunarsjóðsins sér 4 vikur til að ákveða endanlegar styrkveitingar ársins.

#### Spurningar:

##### *Er flókið að sækja um?*

Nei. Ekki er nauðsynlegt að fyrir liggi viðskiptaáætlun eða nákvæm útfærsla hugmynda. Fyrsta skrefið er einfaldlega að fylla út umsóknareyðublaðið sem hægt er að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins og senda það til Nýsköpunarsjóðsins.

##### *Ertu með hugmynd en ert ekki viss um að hún gangi upp, sæktu um og fáðu aðstoð við að móta hugmyndina!*

Já. Hugmyndin má vera stutt á veg komin. Enda er markmið sjóðsins er ekki síst það að hvetja þá sem hafa hugmyndir til að þróa þær áfram og veita þeim faglega aðstoð við að koma raunhæfum nýsköpunarhugmyndum í framkvæmd.

## Um úrvinnslu umsókna og úthlutanir

Þegar umsóknarfresti og samráði við NMÍ lýkur fjallar stjórn sjóðsins um umsóknir með eftir ráðgjöf frá NMÍ. Sjóðurinn gefur þá vilyrði fyrir styrkveitingu. Sjóðurinn getur sett skilyrði fyrir styrkveitingunni, til að mynda að svar fáið vegna annara styrkja sem sótt hefur verið um. Umsækjandi hefur þá vilyrði fyrir styrknum og að þeim skilyrðum uppfylltum er skrifað undir formlegan samstarfssamning og er helmingur styrks greiddur út. Afgangur styrkfjárhæðar er greiddur út samkvæmt samningi og skal umsækjandi skila framvinduskýrslu til sjóðsins áður en greiðslur fara fram. Ef ekki berst skýrsla er styrkur afturkræfur

Hámarksstyrkur getur verið allt að 1.000.000 kr. en upphæðin veltur bæði á fjölda umsókna og mati sjóðsins á áhrifum og gæðum þeirra umsókna sem berast hverju sinni.

## Öllum umsækjendum sent bréf um ákvörðun nefndarinnar

Áherslur sjóðsins við mat umsókna

Við ENDANLEGT mat á umsóknum er horft til eftirfarandi þátta;

- nýnæmi / nýsköpun
- skýrleiki markmiða verkefnisins
- arðbærni
- framtíðarmöguleikar verkefnisins
- áhrif á samkeppnisstöðu á markaði.
- samfélagsleg áhrif
- atvinnusköpun
- fjármögnun

Umsækjendum er bent á að það kemur ekki í veg fyrir úthlutun úr Nýsköpunarsjóði Hvalfjarðarsveitar að sótt hafi verið um aðra styrki.

Hægt er að senda fyrirspurnir á um allt sem viðkemur ferlinu á netfangið **[hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is](mailto:hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is)** (merkt nýsköpunarsjóður)

### Gagnlegar slóðir

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

<http://www.nmi.is/impra/>

Styrkir og stuðningsverkefni

<http://www.nmi.is/impra/styrkir-og-studningsverkefni/>

Wikipedia

[http://en.wikipedia.org/wiki/Business\\_plan](http://en.wikipedia.org/wiki/Business_plan)